

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Hraunbær 143 – Hraunbær–Bæjarháls.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 14. október 2020, breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjar–Bæjarháls vegna lóðar nr. 143 við Hraunbæ. Í breytingunni felst að kvöð um stíg í gegnum byggingarreit B3 verði felld niður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Klettagarðar 25.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 13. janúar 2021, breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 25 við Klettagarða. Í breytingunni felst að nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,65 ásamt því að byggingarreitur bráðabirgðabyggingar er felldur niður. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Njálsgata 60.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 18. desember 2020, breytingu á deiliskipulagi reits 1.190.3, Njálsgötureits, vegna lóðarinnar nr. 60 við Njálsgötu. Í breytingunni felst að ekki verður kjallari undir húsinu, hámarksfjöldi íbúða verður 8, bygging á eystri hluta reits verður 4 hæðir og ris, bygging á vestari hluta reits verður 3 hæðir og ris, inngangur verður frá sundi milli Njálsgötu 60 og 58, svalir mega ná 1,6 m út fyrir byggingarreit til suðurs og lyftuhús má ganga upp úr þaki. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Kvosin, Landsímareitur.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 22. janúar 2021, breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar, Landsímareits. Í breytingunni felst að heimildum fyrir gerð kjallara og nýtingu efri hæða aðlægt Vallarstræti er breytt að hluta til, einnig er bætt við byggingarreit fyrir sólstofu á 5. hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Landsbankareitur 1.174.0, Hverfisgata 90.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, þann 3. febrúar 2021, breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.0 vegna húss að Hverfisgötu 90, lóð nr. 88 við Hverfisgötu. Í breytingunni felst að heimilt verði að rífa húsið og endurbyggja í samræmi við uppfært útlit hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 11. febrúar 2021.*

**Björn Axelsson.**